

Sjálfsmatsskýrsla FB

Skólaárið 2020-2021

Gæðaráð FB 2021

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit 1
Almenn stefna FB og markmið 2
Starfsfólk FB 2
Innra mat skólans og gæðaráð 2
Jafnlaunavottun 3
Kennslumat 4
Ungt fólk 5
Skólapúlsinn 5
Heimsmarkmiðadagar 6
Skólafundur 6
Skjalamál 7
Árangur nemenda 8
Lokaorð 9

Almenn stefna FB og markmið

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti (FB) starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 en í 40. gr. VIII. kafla er kveðið á um hvernig mati og eftirliti með gæðum skuli háttað í framhaldsskólum á Íslandi.

Stefnuskrá skólans var endurskoðuð á skólaárinu og ný stefnuskrá samþykkt á starfsdögum í lok maí. Sú stefna sem unnið var eftir í vetur er þessi: Sýn Fjölbrautaskólans í Breiðholti er að efla einstaklinga til þess að skapa framtíðina og gildi skólans eru virðing, fjölbreytni og sköpunarkraftur. Meginhlutverk skólans er að mennta nemendur til lokaprófs af bók-, list- og verknámsbrautum framhaldsskóla. Til þess að vinna að gildum og markmiðum skólans hefur FB eftirfarandi stefnumið að leiðarljósi:

- Sérhver nemandi á að ná árangri í námi sínu.
- Við hlúum að athafnagleði, samvinnu og ábyrgum lífsmáta nemenda og starfsfólks.
- Við vinnum af heilindum, með fagmennsku, gagnsæi og ráðdeild að leiðarljósi.
- Við ræktum tengsl við samfélagið, hérlendis og á heimsvísu.

Starfsfólk FB

Við Fjölbrautaskólann í Breiðholti starfa 156 manns. Í kennslu og kennslutengdum störfum (námsráðgjöf, námsaðstoð, bókasafna- og upplýsingatækni) eru 132 starfsmenn, en 24 starfsmenn sinna öðrum störfum í skólanum (skrifstofa, bókhald, matreiðsla, þrif ganga- og húsvarsla). Yfirstjórn skólans annast skólameistari, aðstoðarskólameistari, fjármálastjóri og áfangastjóri. Kynjahlutfallið eru þrjár konur og einn karl. Sviðsstjórar eru fjórir, þrjár konur og einn karl. Fagstjórar eru þrír talsins, tvær konur og einn karl. Að auki eru sérstakir verkefnastjórar og sérfræðingar sem sinna ákveðnum verkefnum (ritari skólameistara, sálfræðingur, kynningarstjóri, kvöldskóli, félagsmálafulltrúar).

Unnið er að innleiðingu á samskiptasáttmála meðal starfsfólks. Sáttmáli þessi hefur verið kynntur á kennara- og starfsmannafundum og stefnt að því að samþykkja hann á kennarafundi í byrjun haustannar 2021.

Innra mat skólans og gæðaráð

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti hefur á undanförnum árum skoðað ýmsar leiðir í mati á skólastarfi. Markmið og stefnumið skólans eru innra matinu til grundvallar og stöðugir þættir í matinu eru kannanir og umræða um þróun árangursmælikvarða. Í fyrsta lagi er innra matið byggt á almennri viðhorfskönnun nemenda til skólans, í öðru lagi á kennslumati allra áfanga skólans og í þriðja lagi niðurstöðum skólafunda sem og ýmissar tölfræði úr skólastarfinu.

Umsjón með innra mati FB er í höndum yfirstjórnar skólans og gæðaráðs. Gæðaráð fundaði reglulega bæði á haustönn og vorönn. Á þeim fundum var unnið að stefnumótun í gæðamálum og farið yfir helstu atriði í skólastarfinu hverju sinni.

Í gæðaráði veturinn 2020-21 sátu Elvar Jónsson aðstoðarskólameistari, Ólöf Helga Þór námsráðgjafi, Þórunn Elfa Bjarkadóttir kennari, Hannes Valur Bryndísarson ritari skólameistara, Svava Kristjánsdóttir sérfræðingur á fjármálasviði og Bylgja Birgisdóttir aðalbókari sem einnig er ritari ráðsins.

Gæðaráð vinnur eftir neðangreindu yfirliti og byrjar alla fundi á því að skoða þetta skjal. Í því kemur fram heiti á verkefnunum, í hvaða mánuði\mánuðum verkefnin eiga að fara fram\klárast, athugasemdir varðandi þau, hverjir sjá um úttekt, hverjir bera ábyrgð og hver aðkoma gæðaráðs er.

Heiti	Mánuður												Athugasemdir	Úttektaraðilar	Ábyrgðaraðilar	Aðkoma gæðaráðs
	J	Á	S	O	N	D	J	F	M	A	M	J				
Forúttekt á jafnlaunavottun (var gerð í júní 2020 en skýrsla forúttektar uppfærð í september)	-		X									-		iCert	Skólameistari	Til kynningar
Innri úttekt á jafnlaunavottun	-			X								-		Strategía (Margrét Sanders)	Skólameistari	Til kynningar
Framkvæmd launagreiningar	-			X				X				-			Fjármálastjóri	Til kynningar
Rýni stjórnenda	-			X				X				-		Margrét Sanders á fyrsta fundi	Skólameistari	Til kynningar
Ytri úttekt á jafnlaunakerfi	-			X								-		iCert	Skólameistari	Til kynningar
Jafnlaunastaðall – Viðhald og innleiðing	-			X	X	X	X	X	X	X	X	-			Yfirstjórn og sérfræðingar	Til kynningar
Áfangamat (kennslukönnun)	-				X					X		-	Gæðaráð skoðar spurningar til framtíðar litið		Skólam./aðstoðarskólam.	Rýni
Liðanakönnun meðal nemenda	-							X				-		-	-	Rýni
Upplýsingatækni í skólastarfi – könnun meðal kennara	-					X				X		-			UT verkefnastjóri	Rýni
Fjarnám – könnun meðal nemenda í fjarnámi*	-									X		-	Ekki framkvæmd á haustönn 2020		Aðstoðarskólameistari	Rýni
Skólapúlsinn	-						X					-	Gæðaráð skoðar í janúar hvort við eigum að taka þátt í skólapúlsi í október		Skólapúlsinn.is	Rýni
Könnun ráðuneytisins	-											-			Skólameistari	
Könnun á sjúkraliðabraut vegna kennslumyndbanda	-					X						-			Kennarar í verklegri hjúkrun	
Stofnun ársins	-								X			-	Heildarkönnun verður í haust	Gallup	-	Rýni
Áframhaldandi vinna við innleiðingu persónuverndarlaga og viðhald á stefnum því tengdu	-	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	-		Dattaca Labs	-	Til kynningar
Áframhaldandi vinna við innleiðingu ISO-staðals fyrir menntastofnanir (ISO 210013.2018)	-	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	-		-	-	Til kynningar
Skjala- og upplýsingaúttekt	-						X	X				-		Skipulag og skjöl ehf. (Alfa Kristjansdóttir)		Til kynningar
Ungt fólk könnun	-			X					X			-	Framkvæmd í október, unnið úr í mars		-	Rýni
Stefnumótun ríkisaðila 2021-2023	-				X		X	X				-	Kynnt í nóvember rýnt í janúar og febrúar		Skólameistari	Rýni
Heilsueflandi framhaldsskóli – gátlistar yfirfarnir	-											-			Ritari skólameistara	Rýni
Ársskýrsla	-							X				-	Þarf að skila fyrir 1. apríl		Ritari skólameistara	
Græn skref	-											-				
Grænfáninn	-											-				
Brunaæfing	-	-										-	Gæðaráð móti gátlista í samráði við öryggisnefnd		Öryggisnefnd	Til kynningar
Skólafundur	-			X					X			-				Rýni
Samskiptasáttmáli - Innleiðing	-				X		X	X	X	X	X	-	Viðtöl		Aðstoðarskólameistari	Til kynningar

Jafnlaunavottun

FB sótti um að fá jafnlaunakerfi sitt vottað hjá iCert. Forúttekt fór fram þann 9. júní 2020. Í úttekt var farið yfir skjölun kerfisins m.t.t. krafna staðalsins ÍST 85:2012. Til staðar voru atriði þar sem kröfur staðalsins voru ekki uppfylltar og nauðsynlegt að bregðast við fyrir lok vottunarúttektar. Í úttektinni voru greindar 9 ábendingar og 4 tækifæri til umbóta.

Vottunarúttekt fór fram dagana 19. og 20. nóvember 2020 og covid faraldurinn er ástæðan fyrir tímanum sem leið á milli forúttektar og lokaúttektar. Í ljósi niðurstöðu forúttektar, þróunar kórónuveirufaraldurs og þeirra samkomutakmarkana sem í gildi voru fór vottunarúttekt fram í gegnum fjarfundarbúnað. Í vottunarúttekt var farið yfir framkvæmd kerfisins m.t.t. krafna staðalsins ÍST 85:2012 og innri krafna kerfisins. Eftir úttekt voru tiltekin skjöl rýnd frekar á skrifstofu iCert.

Innri úttekt var framkvæmd 19. október 2020 og var farið yfir skýrslu innri úttektarinnar. Mat á hlítingu hefur farið fram og var farið yfir niðurstöður þess í úttektinni. Í vottunarúttekt var rætt við æðstu stjórnendur FB og þá sem stóðu að uppsetningu og innleiðingu jafnlaunakerfis hjá FB.

Niðurstaða úttektarstjóra, að lokinni vottunarúttekt, var að jafnlaunakerfi FB uppfyllti kröfur staðalsins ÍST 85:2012. Ekki komu í ljós frávik né athugasemdir í úttektinni. Eitt tækifæri til umbóta kom í ljós í tengslum við reglu um breytingar á skjölum. Hvorki frávik né athugasemdir, þar sem kröfur voru ekki uppfylltar, stóðu eftir að lokinni vottunarúttekt.

Skólinn fékk skírteini jafnlaunavottunar þann 27. nóvember 2020.

Kennslumat

Á hverri önn fer fram kennslumat þar sem kennarar fá niðurstöður um stöðu sína og nemendur fá tækifæri til að láta í ljós skoðun sína á kennaranum og þeirri kennslu sem þeir fá í einstaka áföngum í skólanum. Athugasemdir og niðurstöður kannana voru síðan ræddar við kennara í starfsmannaviðtölum í lok haust- og vorannar. Eftirfarandi spurningar voru lagðar fyrir nemendur:

1. Kennarinn sýnir mér og öðrum virðingu
2. Kennarinn hjálpar mér að ná árangri
3. Mér finnst kennslan gagnleg
4. Ábendingar mínar til kennarans (opin spurning)

Eftirfarandi mælikvarði var notaður í lokuðu spurningunum.
Mjög sammála – frekar sammála – hvorki sammála né ósammála – frekar ósammála – mjög ósammála.

Alls var könnunin lögð fyrir 452 hópa á haustönn 2020 í dagskóla. Í úrtaki voru 6736 nemendur og 3527 svöruðu, eða 52,4% svörun. Mikill meirihluti nemenda er sammála eða mjög sammála að kennarinn sýni þeim virðingu (88%), hjálpi þeim að ná árangri í náminu (82%) og finnst kennslan vera gagnleg (77%). Myndirnar sýna niðurstöður kennslukönnunarinnar og yfirlit yfir þátttökuhlutfall undanfarin ár:





Ungt fólk

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti er meðal þátttakenda í könnuninni Ungt fólk, sem lögð var fyrir í október 2020. Skólinn fékk sendar niðurstöður könnunarinnar þar sem sjá mátti svör nemenda skólans í samanburði við svör allra nemenda í úrtakinu. Sérstök áhersla í könnuninni að þessu sinni var líðan nemenda á tímum covid, en kennsla í bóknámi var að miklu leyti rafræn haustið 2020, svipað og verið hafði með alla kennslu í skólanum á vorönn 2020. Svörin gera ekki greinarmun á nemendum bóknáms og verknáms. Almennt koma svör nemenda skólans við covid-tengdum spurningum svipað út og svör nemenda annarra skóla. Nemendur báru sig nokkuð vel almennt með fjarkennslufyrirkomulagið, en streita mældist nokkur hjá öllum framhaldsskólanemendum (um 40% fundu litla eða enga streitu og 60% fundu fyrir einhverri eða talsverðri streitu).
Áhugaverð þróun kom fram í svörum við spurningum um líðan og heilsu nemenda milli áranna 2018 og 2020. Þar eru settar fram jákvæðar staðhæfingar og hefur þeim fækkað sem tekið geta undir þær. Stærsta breytingin er í staðhæfingunni „Ég hef átt auðvelt með að gera upp hug minn“ og hefur hlutfallið lækkað hjá öllum nemendum um 25%, en um 35% hjá nemendum FB. Fullyrðingunni „Ég hef hugsað skýrt“ játa 10% færri í heildina og 20% færri í FB. Og fullyrðingunni „Mér hefur fundist ég náin(n) öðrum“ játa 8% færri á landsvísu og 20% færri í FB. Þessi svör gefa tilefni til að huga að leiðum til að auka samkennd og stuðning sem fæst í gegnum samveru.

Skólapúlsinn

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti ákvað að taka þátt í Skólapúlsinum í apríl 2021. Könnunin spyr úrtak nemenda í skólanum spurninga um námsumhverfi þeirra, virkni og líðan. Hér er yfirlit yfir það sem metið er:

Námsumhverfi	Virkni í námi	Líðan
• Viðhorf og hollusta til skólans • Samsömun við nemendahópinn • Stuðningur kennara við nemendur • Virk þátttaka nemenda í tímum • Tíðni leiðsagnarmats (endurgjöf til nemenda) • Hvatning til ígrundunar (vitsmunaleg örvun)	• Námsáhugi • Vinnulag í námi • Fjarvera: Seinkomur í tíma • Fjarvera: Skróp í tíma • Fjarvera án leyfis heilan dag • Ástæður fjarveru	• Vellíðan • Hamingja • Sjálfsálit • Stjórn á eigin lífi (stjórnrót) • Þunglyndi • Kvíði • Svefnleysi • Ástæður svefnleysis • Einelti • Áreitni og ofbeldi

Fyrirkomulagið var í grófum dráttum þannig að við sendum nemendum og forráðamönnum tölvupóst varðandi skólapúlsinn ásamt upplýsingabréfi á íslensku, ensku og pólsku. Fólk fékk tækifæri til að vera ekki hluti af úrtakinu sem var notað. Nemendur fengu tölvupóst og SMS með tengli á könnunina frá Skólapúlsinum. Þau fengu einnig raddskilaboð nokkrum dögum seinna ef þau áttu eftir að svara. Loks voru nemendur kallaðir á bókasafnið dagana 19.-23. apríl til að svara og fá aðstoð.
Niðurstöður voru mjög jákvæðar fyrir fyrsta hlutann, þannig mældist viðhorf og hollusta til skólans um 2,5% hærri en annars staðar. Hið eina sem mældist eilítið lægra i þessum hluta var samsömun við nemendahópinn. Í öðrum hlutanum mældist áhugi og vinnulag í námi hærra en hjá viðmiðunarskólum, en mælingar á fjarveru voru mjög neikvæðar og sýndu verulega hærra hlutfall fjarveru en í öðrum skólum. Einnig kemur fram að vinna með skóla mælist meiri í FB en hjá viðmiðunarskólunum og munar þar 2,1 klst. á viku (nemendur FB vinna 9,7 klst. á meðan nemendur annarra skóla vinna 7,6 klst.). Í þriðja hlutanum eru mælingar í FB almennt neikvæðari en í viðmiðunarskólunum. Hæstu frávikin eru í hamingju (56,4% nemenda FB telja sig hamingjusama, en 62,5% annarra skóla), þunglyndi (26,5% nemenda FB mælast þunglyndir, en 20,1% nemenda annarra skóla) og áreitni og ofbeldi (27,2% nemenda FB upplifðu einhvers konar niðurlægingu eða ofbeldi sl. tvo mánuði á meðan hlutfallið var 20,6% hjá viðmiðunarskólunum. Stúlkur upplifa meira ofbeldi en piltar).

Heimsmarkmiðadagar

Á vorönn 2021 var tekin upp vinna að nýrri stefnumótun skólans í anda Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, en skólinn tekur þátt í skólaneti UNICEF. Stefnumótunin var unnin á starfsdegi kennara, á stefnumótunardögum kennara og á skólafundi nemenda. Ný og endurskoðuð stefna skólans var síðan samþykkt á kennarafundi í lok skólaárs.

Á starfsdegi fimmtudaginn 4. febrúar 2021 hófum við ánægjulegt samtal um það hvernig skólastarf í FB geti mótast af skilaboðum heimsmarkmiða SÞ. Samanteknar eru niðurstöður umræðunnar þessar:

- Varðandi rekstur var framar öllu talað um kolefnislausan samgöngumáta (hleðslustöðvar, hjólaaðstaða, sturtuaðstaða, samnýting farartækja, samgöngustyrkur), einnig um mötuneyti (minnka matarsóun, áhersla á grænmeti og vistvænt mataræði, vatnsdrykkja, nestismenning) og ábyrga neyslu (stefna um vörukaup, endurnýtingu, pappírsnotkun og sorpflokkun).
- Varðandi nám og kennslu var talað um nálgun í kennslustundum (heimsmarkmið inn í áfangana, efla gagnrýni og rökhugsun m.a. með umræðu, áhersla á vellíðan og samskipti, vísindamennska nemenda), um skipulag náms (endurskoða námskrá, fræðsludagar, skólafundir, sæludagar, jafnvel sérbraut eða áfangi) og endurmenntun kennara (um hvernig megi koma heimsmarkmiðunum inn í kennsluna).
- Varðandi heildarstefnumótun var talað um stefnumótunarstarf (heildarstefna sem skilar sér í öllu starfinu, námsefni og kennslunni), um stefnu um sjálfbærniáherslur (m.a. Græn skref og CO2-mælir) og stefnu um ræktun (gróðursetning trjáa, gróðurhýsi í inngarði, ræktun í gryfju framan við mötuneyti nemenda).

Á stefnumótunardögum 1. og 2. mars var haldið áfram með þessa vinnu með öllu starfsfólki skólans. Fyrri daginn var lagður grunnur að þekkingu og innsýn í viðfangsefnið með fyrirlestrum um heimsmarkmiðin og vinnustofu um að breyta hugarfari. Seinni daginn var stofnað til hópavinnu í skólanum. Skipaðir voru fjölmargir hópar sem fengu það verkefni að koma með hugmyndir að bjartri framtíð Fjölbrautaskólans í Breiðholti undir yfirskrift heimsmarkmiðanna. Vinnan í hópunum átti að vera eins konar leikur þar sem þátttakendur áttu að gefa ímyndunaraflinu lausan tauminn. Allar hugmyndir fóru í samkeppni og verðlaun voru veitt fyrir bestu hugmyndirnar.

Kosning var sett í gang og starfsfólk kaus um þær tillögur sem þóttu bestar. Þrjár efstu hugmyndirnar voru eftirfarandi:

1. **Byggja á þeirri reynslu er Covid gaf okkur m.t.t. fjarkennslu.** - T.d. með auknum sveigjanleika í stundatöflu. Td. allir miðvikudagar eru fjarkennsludagar. Leið til að draga úr samgöngum og nýta tæknina í þágu umhverfisins. Einnig að stuðla að því að minnka streitu.
2. **Nytjamarkaður FB** - Vöruskipti/viðskipti með allskonar, föt, verkfæri, námsbækur, hluti sem nemendur búa til. Andlegur nytjamarkaður einnig, hugmyndabanki fyrir nemendur í póstkassaformi. Samvinna og verkefni þvert á áfanga og brautir. Verkefni við allra hæfi. Endurnýting, sjálfbærni, vellíðan, samkennd og gleði með virðingu fyrir fjölbreytni mannlífs og umhverfis. Samvinna með nærsamfélagi möguleg.
3. **Gróðurhús FB í miðrými** - Þar sem m.a færi fram ræktun trjásprota sem nemendur myndu sjá um að setja niður frá fræi undir leiðsögn kennara. Sprotarnir yrðu síðan gróðursettir í reitnum okkar til að kolefnisjafna skólann. Einnig færi fram moltugerð þar sem kennsla gæti verið fléttuð inn í áfanga skólans þverfaglega.

Skólafundur

Í FB eru skólafundir haldnir tvisvar á skólaárinu, eða á haust- og vorönn. Viðfangsefni skólafunda er ákveðið í skólaráði sem er samráðsvettvangur skólastjórnenda, nemenda og kennara. Vegna samkomubanns féllu skólafundir niður á vorönn 2020 og haustönn 2020. Á vorönn 2021 var

skólafundur haldinn 11. mars og tóku nemendur fyrir loftslagsmál og heimsmarkmið SÞ. Spurningarnar voru eftirfarandi:

1. **Hvað getum við gert?**
2. **Hvað getur FB gert sem stofnun? (aðgerðaáætlun FB)**

Helstu niðurstöður í hópsvörum nemenda eru saman teknar í eftirfarandi töflu, sem sýnir að nemendur eru með skýra sýn á hvar eigi að taka til hendi í skólanum.

Niðurstöður skólafundar í FB 11. mars 2021 kl. 9:50-10:50	Fjöldi	Hlutfall
Mötuneyti nemenda (minna plast, draga úr matarsóun, meira grænmeti og minna kjöt)	**55**	**28%**
Pappírsnotkun og tækni (minni pappír, skiptibókamarkaður, rafræn kennslugögn o.fl.)	**42**	**21%**
Samgöngur (vistvænn ferðamáti - aðstaða og hvatar)	**38**	**19%**
Orka, sóun og nýting (spara rafmagn, endurnýta, viðhald gamalla hluta, sólarorka)	**20**	**10%**
Umhverfismál og kennsla (plokka rusl, fræðsla og umræða, umhverfisnefnd, útikennsla)	**18**	**9%**
Sorp og umhverfisvænar vörur (flokkun, innkaup, moltugerð)	**10**	**5%**
Ræktun og dýrahald (skógrækt, matjurtarækt, hundur og hænur)	**8**	**4%**
Sjálfboðastörf nemenda (nytjamarkaður, flöskusöfnun, styrkja skóla í þróunarlöndum)	**6**	**3%**

Skjalamál

Alfa Kristjánsdóttir frá Skipulag og skjöl ehf. Hefur verið ráðin til þess að koma skjalamálum skólans í gott horf. Hún mætti á stjórnendafund þann 20. janúar 2021 og hélt kynningu um skjalastjórnun og fyrirhugaða upplýsingaúttekt í FB. Hún fjallaði meðal annars um tilgang verkefnisins, algeng úrlausnarefni á vinnustöðum, stjórnkerfi upplýsinga, verkþætti skjalastjórnunar, upplýsingasöfnun o.fl. Hún ræddi um skilgreiningar á skjölum, skjalastjórnun og skjalavörslu eins og þær koma fram í lögum um opinber skjalasöfn. Alfa hóf störf samkvæmt samningi við skólann á vorönn 2021 og mun vinna að þessu verkefni á haustönn 2021.

Árangur nemenda

Sóttar voru upplýsingar um námsgengi nemenda í Innu. Þar kemur í ljós að um 73% nemenda ljúka áföngum sínum og standast próf. Rúmlega 13,5% hættu í áföngum sínum og 13,5% að meðaltali féllu. Um 27% nemenda ekki að ljúka námi í þeim áföngum sem þeir voru skráðir í.

Námsárangur nemenda skólaárið 2020 - 2021						
	Einkunnir V 21			**Einkunnir H 20**		
Einkunnir	**Fjöldi**	**Hlutfall**	**Einkunnir**	**Fjöldi**	**Hlutfall**	**Meðaltal**
D	8	0%	**D**	4	0%	0,1%
F	108	2%	**F**	103	1%	1,6%
H	379	6%	**H**	328	5%	5,3%
M	0	0%	**M**	0	0%	0,0%
S	355	6%	**S**	585	8%	6,9%
Z	26	0%	**Z**	18	0%	0,3%
0	366	6%	**0**	539	8%	6,6%
1	266	4%	**1**	333	5%	4,4%
2	218	3%	**2**	241	3%	3,4%
3	197	3%	**3**	194	3%	2,9%
4	182	3%	**4**	197	3%	2,8%
5	412	6%	**5**	391	5%	6,0%
6	608	9%	**6**	582	8%	8,8%
7	803	13%	**7**	911	13%	12,7%
8	1120	17%	**8**	1155	16%	16,9%
9	984	15%	**9**	1127	16%	15,6%
10	373	6%	**10**	413	6%	5,8%
Fjöldi	**6405**		**Fjöldi**	**7121**		
Féllu	863	13,5%	**Féllu**	965	13,6%	**13,5%**
Hættu	853	13,3%	**Hættu**	970	13,6%	**13,5%**
Stóðust	4689	**73%**	**Stóðust**	5186	**73%**	**73,0%**

Brotthvarf nemenda í dagskóla frá 2016 hefur verið á bilinu 12-15% sl. fimm ár og virðist fara lækkandi:

Ár	**Haust %**	**Vor %**	**Meðaltal**
2016	13,06	16,70	14,86
2017	14,55	13,00	13,78
2018	11,58	16,00	13,79
2019	13,68	12,00	12,84
2020	12,18	12,00	12,09 (covid)
2021		13,30	covid

Til samanburðar er hér sýnt brotthvarf nemenda í kvöldskóla frá 2016 sem sýnist fara hækkandi:

Ár	**Haust %**	**Vor %**	**Meðaltal**
2016	8,32	10,6	9,48
2017	11,31	9,36	10,34
2018	12,21	13,00	12,61
2019	12,49	14,00	13,25
2020	13,8	14,00	13,9 (covid)
2021		11,00	covid

Lokaorð

Sjálfsmatsskýrsla skólans sýnir mikilvægi þess að halda úti öflugu gæðastarfi. Skólinn er enn að byggja sig upp að þessu leyti. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um innleiðingu heilstæðs gæðakerfis, en hinar ýmsu stefnur og áætlanir sem skólinn fylgir veita ýmiss konar aðhald í starfseminni og hjálpa til að veita upplýsingar er nýtast í ákvarðanatöku. Áhugavert er að skoða mælingar á námsárangri, námsástundun og líðan nemenda samkvæmt hinum ýmsu mælingum. Skólinn mun halda áfram uppbyggingu og samhæfingu í framlagningu og túlkun á þessum mælingum.

Reykjavík í júní 2021

Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir skólameistari